

### 3. kafli: Samfélagið

#### Hugtök

Samfélag  
Félagsgerð  
Staða, áskipuð og áunnin  
Ráðandi staða  
Hlutverk  
Hlutverkasveipur  
Hlutverkaspenna  
Stöðutogstreita  
Hópur, frumhópur og fjarhópur  
Félagsleg kerfi  
Félagsleg mismunun  
Frumvinnslugreinar  
Úrvinnslugreinar  
Þjónustugreinar

### 3. kafli: Samfélagið

**Spurningar sem nemendur eiga að geta svarað eftir að hafa lesið kaflann:**

1. Hvað er félagsgerð og hverjir eru mikilvægustu þættir hennar?
2. Hvað eru félagsleg kerfi og hvað einkennir þau?
3. Hvað einkennir helstu samfélagsgerðirnar með tilliti til búsetu (föst, ekki föst), félagslegra kerfa, hópa (frumhópa, fjarhópa), mannfjölda, staða (áunnar, áskipaðar), verkaskiptingar (eftir kyni, aldri eða sérhæfingu), skiptingar valds og eigna?
4. Hver er munurinn á óiðnvæddum og iðnvæddum samfélögum?
5. Hvernig er kenningin um skeiðin 3 (4)?
6. Hver eru áhrif iðnvæðingar á mannfjöldaþróun?
7. Hvernig þróaðist íslenska samfélagið úr óiðnvæddu í iðnvætt samfélag og hvaða áhrif hafði það á búsetu í landinu?

### 3. kafli: Samfélagið

#### Verkefni:

1. Kynntu þér vel eitthvert samfélag sem er enn að mestu leyti óiðnvætt. Hvernig er lífi fólksins háttað? Hver eru helstu vandamálin sem það á við að etja í lífsbaráttunni?
2. Hvernig var íslenska samfélagið áður fyrr, hver voru helstu einkenni bændasamfélagsins?
3. Hvernig þróaðist íslenska samfélagið úr óiðnvæddu bændasamfélagi í iðnvætt samfélag?
4. Hvernig hefur mannfjöldapróun orðið á Íslandi síðustu 100 árin? Hvaða breytingum er spáð á Íslandi varðandi mannfjölda?
5. Hvernig tengjast mannfjöldapróun og breytingar á búsetu annars vegar og iðnvæðing íslenska samfélagsins hins vegar?
6. Kynntu þér þá þróunaraðstoð sem Íslendingar veita. Í hvaða löndum er hún veitt og hver er reynslan af henni?